

Fundargerð 352. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2012, mánudaginn 19. nóvember kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Örn Ólafsson og Skúli Þórðarson. Í fundarsíma voru Guðný Sverrisdóttir, Steinþór Pétursson og Guðmundur Kristjánsson í fjarveru Más Sveinbjörnssonar.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson og ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórnarfundir hafnasambandsins 2012 - 1202002HA

Lagðar fram til staðfestingar fundargerðir 351. fundar frá 15. október 2012 og 345. fundar frá 23. apríl 2012.

Fundargerðirnar voru staðfestar og undirritaðar af stjórnarmönnum.

2. Skuldahlutfall sveitarfélaga, lántökur o.fl. - 1210002HA

Lagt fram að nýju erindi Reykjaneshafnar, dags. 19. september 2012, með hugleiðingum um fjármálareglur sveitarfélaga og hvernig skuldir hafna geta haft áhrif á skuldahlutfall sveitarfélaga. Jafnframt er í erindinu fjallað um nýja stefnu ríkisins vegna fjármögnunar hafnarframkvæmda við útflutningshafnir, þ.e. að ríkið vill að í stað ríkisstyrkja komi ríkislán sem skuli greidd þegar hafnirnar fara að skila hagnaði. Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, kemur á fundinn og gerir grein fyrir skuldahlutfalli og fjármálareglum sveitarfélaga sbr. 9 lið fundargerðar nr. 351.

Á fundinn mætti Guðjón Bragason, sviðsstjóra lögfræði og velferðarsviðs Sambands Íslenskra sveitarfélaga, og gerði hann grein fyrir skuldahlutfalli sveitarfélaga. Þar sem umræddar reglur eiga eftir að mótast frekar þá telur stjórn hafnasambandsins að svo stöddu ekki efni til álykta um breytingar á reglunum.

3. Drög að reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda - 0603010HA

Lagður fram tölvupóstur frá Guðjóni Bragasyni lögfræðingi sambandsins, dags. 7. nóvember 2012, þar sem hann leitar eftir umsögn hafnasambandsins um kostnaðarmat umhverfisráðuneytisins vegna reglugerðar um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda. Einnig lögð fram samantekt formanns um drög að reglugerð um bráðamengun.

Formanni og Guðjóni Bragasyni falið að svara umhverfisráðuneytinu vegna draga að kostnaðarmati. Starfsmanni hafnasambandsins og Guðjóni Bragasyni falið að útbúa bréf til að senda umhverfisráðuneytinu þar sem farið er yfir þær athugasemdir sem formaður kynnti á fundinum.

4. Reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla - 0901002HA

Lögð fram drög að reglugerð um (10.) breytingu á reglugerð nr. 224, 14. mars 2006, um vigtun og skráningu sjávarafla, með síðari breytingum.

Stjórn Hafnasambands Íslands beinir þeim tilmælum til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins að markmiði reglugerðarbreytingarinnar verði náð í samvinnu við þær hafnir sem breytingin nær til þar sem þær eru íþyngjandi fyrir hafnir þar sem ferskur fiskur er fluttur út.

5. Vigtun sjávarafla - 0901002HA

Lagt fram að nýju erindi Vesturbyggðar, dags. 11. september 2012, um aðgang að rafrænum gögnum hjá Fiskistofu fyrir Gaflinn.

Stjórn hafnasambandsins felur Má Sveinbjörnssyni að kanna hjá Fiskistofu hvort hægt sé að opna fyrir

rafrænan aðgang að gögnum í Gaflinn. Einnig ákveðið að vekja athygli á því kerfi sem Hafnir Ísafjarðarbæjar hafa tekið upp til að leysa Lóðsinn af hólmi.

6. Langtímastefna fyrir hafnir landsins - 1211015HA

Lögð fram að nýju ályktun 38. hafnasambandsþings um langtímastefnu fyrir hafnir landsins, sem vísað var til stjórnar Hafnasambands Íslands og því beint til stjórnarinnar að skipaður verði starfshópur, með aðkomu hagsmunaaðila, sem vinni að sýn og langtímastefnu fyrir íslenskar hafnir.

Rætt um hvernig megi framkvæma verkefnið. Ákveðið að fela starfsmanni hafnasambandsins og formanni að útbúa spurningalista sem lagður verður undir stjórn á næsta fundi, áður en hann verður sendur út á aðildarhafnirnar.

7. Efnahagsleg áhrif íslenskra hafna - 1211016HA

Lögð fram að nýju ályktun 38. hafnasambandsþings um efnahagsleg áhrif íslenskra hafna þar sem stjórn Hafnasambands Íslands er falið að láta gera úttekt á efnahagslegum áhrif hafna og vægi þeirra í íslensku atvinnulífi. Einnig lagður fram tölvupóstur frá Vali Rafni með forsendum sem hægt verður að notast við þegar efnahagsleg áhrif hafna verða skoðuð.

Starfsmanni falið að leita eftir tilboðum í verkefnið frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri.

Fundi var slitið kl. 12:00

Gísli Gíslason

Guðný Sverrisdóttir

Ólafur Örn Ólafsson

Skúli Þórðarson

Steinþór Pétursson

Guðmundur Kristjánsson

ritari

